

**Ed.**

**79. Frumvarp til laga**

[69. mál]

um breyting á lögum nr. 30 frá 27. júní 1921, um erfðafjárskatt.

Flm.: Ólafur Jóhannesson, Ásgeir Bjarnason.

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Fjárhæð erfðafjárskattsins er ákveðin þannig:

- A. Af erfðafé, sem hverfur til þess hjóna, er lifir hitt, til niðja hins látna, kjörbarna og fósturbarna, skal svara af arfi hvers erfingja um sig:
  - 1. Af fyrstu 100 000.00 kr. 5 af hundraði.
  - 2. Af fjárhæð þeirri, sem þar er fram yfir, 10 af hundraði.
- B. Af erfðafé, sem rennur til foreldra hins látna eða niðja þeirra, er ekki heyra undir staflið A, skal svara af arfi hvers erfingja um sig:
  - 1. Af fyrstu 100 000.00 kr. 10 af hundraði.
  - 2. Af þeirri fjárhæð, sem þar er fram yfir, 25 af hundraði.
- C. Af erfðafé, sem hverfur til afa eða ömmu hins látna eða niðja þeirra, er eigi heyra undir stafliðina A og B, eða til fjarskyldari erfingja eða óskyldra, skal svara af arfi hvers erfingja um sig:
  - 1. Af fyrstu 100 000.00 kr. 25 af hundraði.
  - 2. Af þeirri fjárhæð, sem þar er fram yfir, 50 af hundraði.
- D. Af erfðafé, sem hverfur til kirkna, opinberra stofnana eða gjafasjóða, sem styrkja eiga menningarstarfsemi, vísindalegar rannsóknarstofnanir eða líknarstarfsemi, eða á annan hátt á að verja til almenningsnota, skal greiða 5 af hundraði.

2. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Nú nemur fjárhæð sú, sem til hvers erfingja á að renna, eigi 1000 krónum, og skal þá enginn erfðafjárskattur greiddur af henni.

Undanþegin erfðafjárskatti eru handrit, bókasöfn, listaverk og minjagripir, sem verðmætir eru fyrir sögu landsins, listir eða visindi, ef munir þessir eru gefnir opinberum söfnum hér á landi eða alþjóðlegum stofnunum.

Heimilt er ráðherra að fella með öllu niður erfðafjárskatt af erfðafé því, er getur í D-lið 2. greinar þessara laga.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Skattákvæði laganna um erfðafjárskatt eru óþarflega margbrotin og eru auk þess nú að sumu leyti orðin úrelt. Úr þeim ágöllum er frumvarpi þessu ætlað að bæta. Auk þess er erfðafjárskattur lækkaður af arfi, sem ráðstafað er til menningarmála, vísindalegra rannsókna, líknarstarfsemi eða á annan hátt til almenningsnota. Samkvæmt frumvarpinu er ráðherra einnig heimilað að fella niður með öllu erfðafjárskatt af slíku gjafafé, en í nágildandi lögum er aðeins heimild til lækkunar skattsins í þeim tilvikum.

Það er út af fyrir sig eðlilegt, að nokkur hluti erfðafjár renni til hins opinbera, einkanlega þegar um mikla fjármuni er að ræða og útarfar eiga í hlut. Hins vegar er auðvitað álitamál, hversu stór sá hluti eigi að vera. Hér er þó ekki hreyft neitt við hámarki erfðafjárskattsins. Erfðafjárskatturinn rennur nú í erfðafjár sjóð samkvæmt lögum nr. 12/1952 og gegnir því góðu og nytsömu hlutverki. Samt sem áður sýnist ekki rétt að setja erfðafjár sjóðinn ofar en sjóði þá og aðrar þær opinberu þarfir, sem getið er í D-lið 1. greinar þessa frumvarps.